

Sp.

11. Fyrirspurn

[11. mál]

til menntamálaráðherra um dagvistunarheimili.

Frá Benedikt Gröndal.

1. Hvaða dagvistunarheimili hafa hlotið byggingar- og rekstrarstyrki samkvæmt lögum nr. 29 1973, um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila, og hve miklum upphæðum nemur sú aðstoð? Hve margar umsóknir og hverjar hafa ekki hlotið afgreiðslu?
2. Hversu mörg börn geta þessi heimili (dagheimili, skóladagheimili og leikskólar) vistað?
3. Hefur menntamálaráðuneytið í þjónustu sinni sérmenntaðan starfsmann til að fjalla um dagvistunarmál, eins og fyrir er mælt í umræddum lögum?
4. Hefur verið gerð áætlun um heildarþörf fyrir dagheimili í landinu miðað við að fullnægja þörfum einstæðra foreldra og námsfólks og tryggja öðrum foreldrum jafnan rétt og aðstöðu til að starfa utan heimilis, ef þeir þurfa þess eða óska?